

Umsókn um styrki vegna skólaársins 2023-2024 til sveitarfélaga vegna reynsluverkefnis til stuðnings barna á flóttá á skólaskyldualdri

Mennta- og barnamálaráðuneytið / 17.4.2024 11:24

Um úthlutunina

Um úthlutun

Börn sem hafa verið á flóttá búa við fjölbættar áskoranir til lengri eða skemmri tíma. Því þurfa börnin og fjölskyldur þeirra oft á tíðum aukinn stuðning þegar þau eru að taka sín fyrstu skref í nýju samfélagi.

Í kjölfar mikillar fjölgunar barna á flóttá hér á landi ákvað ríkisstjórnin að hefja reynsluverkefni til þess að styðja við sveitarfélög vegna barna á flóttá sem eru búsett og með skráð lögheimili hérlandis. Með börnum á flóttá er átt við börn sem hlotið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr. laga um útlendinga eða á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. sömu laga.

Styrkir verða veittir vegna barna á skólaskyldualdri sem fengið hafa dvalarleyfi á tímabilinu 1.1.2022– loka skólaársins 2024. Styrkurinn til sveitarfélaga er ætlaður til styðja við móttöku barna á flóttá með sértækum stuðningi vegna sérstöðu þeirra sem hafa neyðst til þess að flýja heimaland sitt vegna átaka. Sveitarfélög eru hvött til samstarfs við önnur sveitarfélög um útfærslu á stuðningnum við börnin. Vakin er athygli á að styrkurinn styður einnig við innleiðingu verkefna tengiliða og málstjóra á grunni laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Fjárveiting til sveitarfélaga vegna þessara laga miðast m.a. við fjölda barna af erlendum uppruna.

Styrknum er ætlað að styðja við verkefni sem snúa að:

1. Stuðningi innan skóla og frístundastarfs. Um er að ræða stuðning vegna launakostnaðar stuðningsaðila s.s. brúarsmiða sem hafa það hlutverk að styðja við íslenskunám og hjálpa börnum með aðlögun í grunnskólum. Þannig fá börnin viðeigandi stuðning og handleiðslu. Brúarsmiðir styðja einnig við starfsfólk innan skóla og frístundaheimila til að mæta þörfum barnanna á þeirra forsendum. Auk þess styðja brúarsmiðir foreldra barnanna til virkrar þátttöku í skóla- og frístundastarfi.

2. Stuðningi við barnaverndarnefndir og önnur úrræði fyrir fjölskyldur á flóttá. Nauðsynlegt er að þróa aðferðir og stuðning við fjölskyldur sem glíma við áföll vegna stríðsátaka og flóttá og eru að fóta sig í nýjum og breyttum aðstæðum.

Um er að ræða eingreiðslu vegna hvers barns og sækir sveitarfélagið um styrk út frá fjölda barna sem hafa alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Greiddar er sem nemur 300.000 kr. vegna hvers barns á aldrinum 6–16 ára.

Í lok skólaársins skilar sveitarfélagið greinargerð um nýtingu fjármagnsins ásamt uppfærðum upplýsingum um fjölda barna sem falla undir úrræði. Ef fleiri börn sem hafa fengið alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum hafa flust í sveitarfélagið heldur en sótt var um í fyrri úthlutun gefst sveitarfélögum tækifæri til þess að sækja um fyrir þau börn þegar uppgjör fer fram.

Sveitarfélög eru hvött til þess að sameinast um útfærslu og framkvæmd á verkefnum þar sem það á við og geta sveitarfélög skilað inn sameiginlegri greinargerð í lok reynsluverkefnisins, séu þau í samstarfi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir nánari upplýsingum um

framkvæmd og fjármögnun úrræða. Allar fyrirspurnir skal senda á mrn@mrn.is

Með umsókninni þarf að fylgja yfirlitsskjal þar sem tilgreindur er fjöldi barna ásamt fæðingarári og upprunalandi. Tekið skal fram að ekki skal tilgreina nöfn eða kennitölu.

Umsækjandi (sveitarfélag)

Nafn sveitarfélags	Hafnarfjarðarkaupstaður
Kennitala sveitarfélags	5901697579
Netfang sveitarfélags	hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

Tengiliður vegna styrkumsóknar

Nafn tengiliðs	Hrafnhildur Ágústsdóttir
----------------	--------------------------

Netfang tengiliðs	hrafnhildurag@hafnarfjordur.is
Sími tengiliðs	6645767

Verkefni

Fjöldi barna á skólaskyldualdri:	102
Fjöldi eftir ríkisfangi og fæðingarári	form-fjoldi-barna-faedingarar-rikisfang Hafnarfjörður.xlsx

Stuðningur innan skóla og frístundastarfs

Stuðningi innan skóla og frístundastarfs, gildi frístundastarfs er ótvírætt gagnvart þessum hópi. Frístundastarf í skóla er bæði hefðbundið félags- og bekkjarstarf sem á sér stað bæði á skóla og dagtíma, frístundaheimili sem öllum 6-9 ára börnum býðst kostur á að sækja auk þess er félagsmiðstöðvastarf fyrir nemendur úr 5. – 10. bekk. Um er að ræða stuðning vegna launakostnaðar stuðningsaðila s.s. brúarsmiða sem hafa það hlutverk að styðja við íslenskunám og hjálpa börnum með aðlögun í leik- og grunnskólum. Þannig fá börnin viðeigandi stuðning og handleiðslu. Brúarsmiðir styðja einnig við starfsfólk innan skóla, félagsmiðstöðva og frístundaheimila til að mæta þörfum barnanna á þeirra forsendum og virkja þá til þátttöku í starfinu sem er í boði. Ýta undir að búin séu til ný inngildandi verkefni í frístundastarfinu sé þess þörf. Auk þess styðja brúarsmiðir foreldra barnanna til virkrar þátttöku í skóla- og frístundastarfi. Brúarsmiðir eru tengiliðir vegna þessara barna og fjölskyldna þeirra við íþróttahreyfinguna og önnur félagasamtök í sveitarfélaginu. Þá verður haldið áfram með sundnámskeið fyrir börn á flóttu sem hafa lítinn sundbakgrunn.

Stuðningur við barnaverndarnefndir og önnur úrræði

Varðandi sumarstörf í sumar fyrir börn og sumarnámskeið:

13-15 ára börn fá almenna kynningu og sérkynningu á gildi þess að taka þátt í Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Klæðskerasniðin úrræði og verkefni verða fyrir þau; sum verða í almennum hópum, sum geta verið í sérhópum og möguleiki er að búa til sérsniðið atvinnutengt úrræði sem hafa það að markmiði að blanda og eiga saman góða stund með jafningjum.

10-12 ára börn fá kynningu á Tómsund sem er frístundasumarúrræði, bæði hefðbundna og þýdda sérútgáfu. Hér er boðið upp á allskonar stutt námskeið og opin hús. Gagnvart þessum hópi mun brúarsmiður okkar aðstoða líka við að opna fyrir þeim tækifæri á að vera á öðrum námskeiðum sem íþróttafélög og önnur félög eru með yfir sumarið.

6-9 ára fá góða kynningu í gegnum skólana á sumarfrístund sem er í öllum skólum í júní og svo í færri skólum í júlí og ágúst. Þau og foreldrar fá líka kynningu og aðstoð gagnvart öðrum fjölbreyttum námskeiðum sem eru í boði í Hafnarfirði.

Í haust er áætlað að fara af stað með SPARE foreldranámskeið fyrir arabískumælandi hóp (strengthening parenting among refugees in Europe). Það hefur gefist vel í öðrum sveitarfélögum og munum við þurfa að fá inn menningarmiðlara til að halda námskeiðið í samvinnu við starfsmann hér sem er með réttindi til að halda námskeiðið.

Er um að ræða samstarfsverkefni milli sveitarfélaga? **Nei**

Ef já tilgreinið sveitarfélögin: